



D Ó M U R

14. janúar 2015

Mál nr. E-389/2014:

Stefnendur: Arndís Björg Sigurgeirsdóttir

Bára Kristín Kristinsdóttir

(Hjördís Edda Harðardóttir hrl.)

Stefndu: Guðmundur Már Ástþórsson

(Haukur Halldórsson hdl.)

Mótamenn ehf.

(Haukur Halldórsson hdl.)

Vörður tryggingar hf.

(Magnús Hrafn Magnússon hrl.)

Dómarar: Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari

Ásmundur Ingvarsson byggingarverkfræðingur

Jón Ágúst Pétursson, byggingartæknifræðingur og
húsasmíðameistari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 14. janúar 2015 í máli nr. E-389/2014:

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir og

Bára Kristín Kristinsdóttir

(Hjördís Edda Harðardóttir hrl.)

gegn

Guðmundi Má Ástþórssyni

(Haukur Halldórsson hdl.)

Mótamönnum ehf. og

(Haukur Halldórsson hdl.)

Verði tryggingum hf.

(Magnús Hrafn Magnússon hrl.)

Mál þetta var höfðað 10. mars 2014 og dómtekið 8. desember 2014. Stefnendur eru Arndís B. Sigurgeirsdóttir og Bára Kristjánsdóttir, báðar til heimilis að Sunnubraut 46, Kópavogi. Stefndu eru Guðmundur Már Ástþórsson, Þúfuseli 2, Reykjavík, Mótamenn ehf., Skútuvogi 11a, Reykjavík, og Vörður tryggingar hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu, Guðmundur Már, Mótamenn ehf. og Vörður tryggingar hf., verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 9.178.312 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. apríl 2013 til greiðsludags. Allt að frádreginni innborgun af hálfu stefnda Varðar trygginga hf., að fjárhæð 2.456.992 kr., þann 8. maí 2013. Þá er krafist málskostnaðar, að viðbættum virðisaukaskatti, að óskiptu úr hendi stefndu.

Stefndu Guðmundur Már og Mótamenn ehf. krefjast þess aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti eða álagi sem því nemur. Til vara krefjast stefndu þess að dómkrafa stefnenda verði lækkuð verulega og skuldajöfnuð við kröfu stefnda Mótamanna ehf. að fjárhæð 1.035.375 kr., samkvæmt reikningi, dags. 30. maí 2012, vegna aukaverka, og að málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara krefjast stefndu þess að dómkrafa stefnenda verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi Vörður tryggingar hf. krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur veðri dæmdir til greiðslu málskostnaðar. Til vara er þess krafist að dómkrafa stefnenda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Málsatvik eru þau að hinn 19. maí 2011 gerðu stefnendur samkomulag við Mótamenn ehf. um verkkaup að Sunnubraut 46, Kópavogi, hvað varðar jarðvinnu, byggingu bílskúrs, innkeyrslu, verönd, stéttir, tréþall, stoðveggi og fleira í kringum húsið að Sunnubraut 46, Kópavogi. Samkvæmt 1. gr. samkomulagsins voru verkliðirnir fjórir.

Í fyrsta lagi bílskúr og var innifalið í tilboði: Sökkklar, botnplata, járn, steypa, gólfgeisli, veggir bílskúrs, þakplata, einangra sökkla og botnplötu, einangra útveggi, einangra undir þakplötu, rafmagnslagnir sem komi í steypu, steyptar tröppur upp á bílskúr norðan megin, drenlagn, fylling í grunn (100 mm pvc), niðurföll, steypumót/uppsláttur, fylling innan í sökkla, glöttun þakplötu og gólfplötu, skólplagnir, steinsögun fyrir bílskúrshurð, borun fyrir járnum í hús, vélslípun plötu, með vatnslagn tengda. Bílskúrnum átti að skila fullbúnum samkvæmt teikningu, tilbúnum til þússningar.

Í öðru lagi stoðveggir samkvæmt teikningu. Steypa átti í alla veggina, setja drenmöl að stoðveggjum, járn, sökkul/fótament, frágangur út í götu. Öllum stoðveggjum átti að skila tilbúnum til þússningar.

Í þriðja lagi innkeyrsla, verönd, stéttar o.fl. Um var að ræða innkeyrslu, verönd sunnan megin, tröppur í garði, stétt norðan megin, stétt vestan megin, aðkomustétt með þrem þrepum, steyptar tröppur vestan megin, U-stál, niðurföll (2 stk.), lagnir frá niðurföllum, steyptar tröppur norðan megin frá dyrum, „ruslajúnit“, snjóbræðsla í bílastæði og aðkomustétt, snjóbræðsla í verönd sunnan megin, snjóbræðsla í stétt norðan megin (án tengingar – átti við um alla snjóbræðsluna), dósir og lagnir fyrir lýsingu í vegg, slípa stéttir, saga sprunguraufar í stéttir/fugusögun. Þá átti að fella

skorstein.

Í fjórða lagi var um að ræða jarðvinnu. Innifalið var brottflutningur á öllu efni, þ.m.t. skorsteini og sögun fyrir bílskúrshurð, fleygun og tilflutningur innan lóðar, fjarlægja hellur og hraunkant, aðflutt burðarfylling – frostfrítt (grús/fylling), gröftur og jöfnun undir vegg, perlumöl undir tröppur, gröftur fyrir frárennsli og drenlög, drenmöl að stoðveggjum, drenlög, og 100 mm pvc í grunn.

Í samkomulaginu var tekið fram að til viðmiðunar væri tilboð verktaka, merkt fylgiskjal I, að fjárhæð 6.941.000 kr. Einnig var tekið fram í samkomulaginu að magntölur gætu breyst og það myndi þá hafa áhrif á endanlegt verð. Verklök voru áætluð 15. júlí 2011.

Þær teikningar sem liggja fyrir í málinu eru teikningar unnar af Halli Kristvínssyni byggingarfræðingi, dags. 27. júlí 2011, samþykktum af byggingarfulltrúa Kópavogs 16. ágúst 2011, og lóðateikning Aðalheiðar E. Kristjánsdóttur landslagsarkitekts, dags. 18. maí 2010, sem var breytt 29. ágúst 2011.

Stefndi Guðmundur Már Ástþórsson, fyrirsvarsmaður stefnda Mótamanna ehf., var skráður sem byggingarstjóri á verkinu hinn 2. ágúst 2011, auk þess sem hann var skráður húsasmíðameistari verksins. Stefndi Mótamenn ehf. voru með starfsábyrgðartryggingu hjá stefnda Verði tryggingum hf. sem gildi frá 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 og aftur frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012. Samkvæmt fyrirliggjandi váttryggingarskírteini voru Mótamenn ehf. váttryggingartaki en stefndi Guðmundur Már hið váttryggða. Í lýsingu tryggingar segir: „Starfsábyrgð byggingarstjóra.“ Um váttrygginguna giltu skilmálar félagsins númer SA-4, um starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Stefnendur segja að á verktímanum hafi stefnendur og byggingarstjóri orðið ásáttir um að gera tvær smávægilegar breytingar á verkinu. Breytingarnar hafi falist í því að veggur við bílastæði var færður að beiðni stefnenda og breyting gerð á ruslatunnum, að tillögu byggingarstjóra. Þá hafi stefnendur fallið frá tveim verkliðum, fleygun og niðurbroti á skorstein, að fjárhæð 90.000 kr., þannig að tilboðið hafi lækkað í 6.851.000 kr. Þegar farið hafi verið að vinna verkið hafi komið í ljós viðbótarliðir, vegna breytinga á magntölum, að fjárhæð 2.141.830 kr., og verðið fyrir verkið því numið samtals 8.992.830 kr. Af þeirri fjárhæð hafi stefnendur greitt 8.705.720 kr., og því séu einungis ógreiddar 287.110 kr. af heildarverkinu.

Stefndu Guðmundur Már og Mótamenn ehf. mótmæla því að einu breytingarnar sem stefnendur fóru fram á hafi verið tvær smávægilegar breytingar. Í gegnum allt ferlið hafi stefnendur verið mikið inni í framkvæmdum og reglulega fundað um framvindu verksins og þær breytingar sem hafi þurft að gera. Verk hafi hafist um mánaðamótin maí/júní 2011 en fljótlega hafi þurft að breyta hæð á bílskúr þar sem í ljós hafi komið við jarðvinnu að lagnir lágu í áætlaðri hæð grunnplötu bílskúrs. Við þær breytingar hafi einnig þurft að breyta hæð á bílaplani fyrir sunnan bílskúr og á tröppum að norðanverðu. Þá hafi verið gerðar breytingar á handriði ofan á bílskúr samkvæmt teikningu, en upphaflegar teikningar hafi gert ráð fyrir að hluti handriðs væri úr gleri. Þá hafi hæð handriðs við uppsteypu jafnframt verið breytt frá teikningum í samráði við stefnendur. Lóðarteikningum hafi verið breytt og lóð lækkuð að sunnanverðu, aukaprepi hafi verið bætt við steypa verönd að

sunnanverðu, hæðarbreytingar gerðar á verönd undir tröppu vestan megin og þrepi bætt við fyrrgreinda tröppu. Umrædd breyting hafi verið gerð 29. ágúst 2011, sbr. lóðarteikningar sem stefnendur hafi sjálfar lagt fram í málinu. Þetta sé í samræmi við þær lóðarteikningar sem stefndi hafi fyrst fengið afhentar við tilboðsgerð og hafið vinnu eftir. Þá hafi stefnendur jafnframt beðið um að tröppur við steypa verönd á suðurhlið hússins yrðu framlengdar út að steiptum lóðarvegg vestan megin þar sem hæðarmismunur lóðar og verandar undir stiga vestan megin hafi verið óþarflega mikill. Enn fremur hafi verið gerðar breytingar á hæð og lögun stoðveggja eftir fyrirmælum stefnanda. Ætlunin hafi verið að hafa stoðveggi með þríkantlistum, en stefnendur hætt við það þegar búíð hafi verið að steypa upp hluta af veggjum. Við lagningu bílplans og stétta við austurhlið hafi fjölda niðurfalla í bílplani verið fækkað úr tveimur í eitt og þegar framkvæmd hafi verið lokið hafi stefnendur farið fram á að hluti veggja, stiga og stétta yrði rifinn og staðsetningu breytt og endurbyggt. Við lagningu stéttar við norðurhlið hússins og niður með vesturhlið hafi verið ákveðið að hækka stéttina vegna hæðar aðliggjandi lóðar, í samráði við stefnendur og jarðvegsverktaka, vegna áhyggja af vatni sem gæti flætt af lóðinni fyrir ofan inn á stétt. Þá hafi verið tekin ákvörðun um að breikka stétt fyrir vestan húsið þar sem útbyggðir gluggar á húsinu þrengdu að stéttinni eins og hún var teiknuð.

Stefndu Guðmundur Már og Mótamenn ehf. segja í greinargerð sinni að steypuvinnu hafi verið lokið um miðjan september en þá hafi verkið tafist talsvert, m.a. út af fyrrgreindum breytingum. Stefnendur hafi ætlað að láta ganga frá ytra byrði stoðveggja og bílskúrs með filtun/pússningu með sömu áferð og á húsi. Rætt hafi verið um að múrarameistari tæki að sér verkið og kostnaður vegna þess átt að vera 3.500 kr. á fermetra. Ljóst hafi verið að ekki væru forsendur fyrir því að fara í þessa vinnu fyrir en vorið 2012.

Stefnendur kveða að á verktímanum hafi fljótlega komið í ljós að verkið væri ekki unnið samkvæmt teikningum. Meðal annars hafi stefnendur séð að lokinni steypuvinnu að stétt norðan við húsið hafi verið steipt allt of hátt, tröppur á suðurhlið hafi verið misbreiðar, handrið ofan á bílskúr hafi verið of lágt og vatnshalli rangur á stéttum. Stefnendur hafi ítrekað reynt að fá stefnda Mótamenn ehf. og byggingarstjóra til að lagfæra gallana, en án árangurs. Stefnendur hafi farið fram á aðstoð verkfræðistofunnar VERKÍS hf. við að taka út verkið og hafi niðurstaðan verið sú að veruleg frávik væru frá samþykktum teikningum á nokkrum stöðum, auk þess sem frágangur vegna annarra verkþátta væri ekki forsvaranlegur. Gerð hafi verið tilraun af hálfu VERKÍS til að leita sátta með stefndu Mótamönnum ehf. og byggingarstjóra, en þeirri málaleitan hafi verið hafnað. Þá hafi stefndi Vörður tryggingar hf. hafnað bótaskyldu.

Stefnendur létu dómkveðja matsmann, Björn Gústafsson byggingaverkfræðing, og liggur fyrir matsgerð hans, dags. 12. febrúar 2013, þar sem kostnaður við úrbætur var metinn á 6.808.000 kr.

Með bréfi 4. mars 2013 gerðu stefnendur kröfu á hendur stefnda Verði tryggingum hf. í samræmi við matsgerðina. Hinn 8. maí 2013 bauð stefndi Vörður tryggingar hf. stefndum svokallaðar samkomulagsbætur, að fjárhæð 1.912.000 kr., auk kostnaðar, samtals 2.456.992 kr. Með bréfi 28. maí 2013 tóku stefnendur við greiðslunni sem innborgun og áskildu sér rétt til að hafa uppi frekari kröfur vegna málsins. Stefndu hafa hafnað frekari greiðslum og hafa stefnendur því höfðað mál

þetta.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslu stefnandi Arndís og stefndi Guðmundur Már. Þá kom Björn Gústafsson matsmaður fyrir dóm og staðfesti fyrirbyggjandi matsgerð. Einnig gáfu skýrslu vitnin Aðalheiður Kristjánsdóttir landslagsarkitekt og Guðlaugur Valgeirsson jarðvegsverktaki. Verður vísað til framburðar þeirra síðar eftir því sem ástæða er til.

II.

Í matsgerð dómkvadds matsmanns, Björns Gústafssonar byggingarverkfræðings, dags. 12. febrúar 2013, svarar matsmaður neitandi þeirri matsspurningu hvort hið umsamda verk hafi verið unnið í samræmi við samþykktar teikningar og hvort verkinu væri að fullu lokið. Matsmaður fjallar um hvern matslið með eftirfarandi hætti.

1. Bílskúr inni:

a) Endar á gólfhitalögnum komi upp utan við vegg kyndiklefa í bílskúr í stað þess að ganga inn í gegnum hann og inn í kyndiklefan, en allir ættu að vera sammála um að eðlilegt og sjálfsagt sé að þessar lagnir komi upp úr gólfi í kyndiklefanum þar sem þar eru þær tengdar við lagnagrindina. Þetta þurfi að leiðrétta með því að brjóta niður í gólf bílageymslunnar og undir vegginn milli skúrs og kyndiklefa, endurtengja og steypa yfir lagnir.

b) Þá telur matsmaður ólíklegt að vesturhlið bílskúrs hafi verið einangruð að utan þar sem þess sjást ekki merki undir tröppum sem liggja upp á skúrinn né heldur í botni gasskýlis við hlið þeirra. Einangra þurfi á þessa hlið að innan til þess að tryggja sé að hún verði einangruð.

c) Loft bílskúrs er þússað með örþunnri þússningu. Það þurfi að múra eina umferð neðan á loft bílskúrs því ljóst sé að sú þykkt sem talað sé um í verklýsingum við múrkerfi sé ekki til staðar.

d) Rakavarnarlag vanti undir gipsklæðningu á suðurgafli bílskúrs. Um rakavarnarlag sé fjallað í byggingarreglugerð nr. 441/1998, grein 181. Rakavarnarlag hafi þann tilgang að hindra rakafærni frá innilofti út í einangrunarlagið og skuli vanda öll samskeyti á rakavarnarlaginu þannig að ekki verði loftleki frá innilofti út í vegginn sem geti valdið skaðlegri rakapéttingu eða miklum loftraka inni í veggnum. Þessari rakavörn sé ekki hægt að ná nema með rakavarnarlagi þar sem gengið sé sérstaklega vandlega frá samskeytum og kverkfrágangi með límingu og listum.

e) Loftræsing bílskúrs sé ekki samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998, en þar segi að bílageymslur skuli loftræsa og gólf skuli steyppt með vatnshalla að niðurfalli. Hins vegar sé ekki getið nánar um það hvernig það skuli gert. Ef ekki er um opnanlegan glugga að ræða þarf að koma fyrir loftopum sem er þá gert með einu opi inn og öðru út þannig að gegnumöndun sé til staðar. Koma þurfi fyrir einu loftræsiopi neðarlega á innaksturshurð og öðru ofarlega á vesturhlið. Stærð opa verði að lágmarki 125 mm að þvermáli. Ganga eigi frá opum með tilheyrandi ristum.

2. Bílskúr utanhúss:

a) Pollar sitji á þaki bílskúrs. Samkvæmt mælingu sé halli á bílskúrþaki um 10%, en það sé of lítill halli til að þakið afvatni sig örugglega. Það þýði að pollamyndum verði, sem frjósi síðan og skemmi plötuna. Samkvæmt aðalteikningum arkitekta eigi halli á þaki að vera frá 8,82 niður í 8,74 eða 80 mm, en hins vegar sé hallinn samkvæmt mælingunni frá 8,96 niður í 8,87 eða 90 mm. Samkvæmt því sé raunhalli í góðu samræmi við það sem um hafi verið beðið þó svo að hann sé of lítill að mati matsmanns. Þar sem platan reynist vera með halla eins og teikning geri ráð fyrir sé ekki reiknað með neinum kostnaði í þessum lið í kostnaðarmati.

b) Eftir eigi að ganga frá einangrun utan á bílskúr, einangra þar veggj minnst 50 cm upp fyrir loftplötu hans til að koma í veg fyrir kuldaþró. Samkvæmt mælingu matsmanns sé hæð útveggja á bilinu 670 til 730 mm upp fyrir efri brún loftplötu, en einangrun utan á veggjum hans nái upp að efri brún loftplötunnar. Á bílskúr utanhúss vanti 270 til 330 mm upp á að hæð útveggja bílskúrs sé í samræmi við teikningar. Eðlilegasta lausnin á einangruninni sé að hún nái upp alla veggghæðina frekar en að búa til stall ofan á einangrun ca. 0,5 til 1,0 m frá efstu brún veggjar sem myndi þýða að útlit veggjanna breytist en þeir eiga að vera í sama plani samkvæmt teikningum arkitekts. Hæð á einangrun sé tekin frá því sem hún endar núna og upp á brún handriðs eftir hækkun þess.

c) Eftir sé að þússa utan á einangrun. Enginn ágreiningur sé um að þessi verkliður sé eftir. Kostnaður við að múrhúða yfir einangrun verði metinn í kostnaðarmati.

d) Nauðsyn sé að múra a.m.k. 20 cm niður fyrir yfirborð næst bílskúr. Til að ekki sé hætta á að einangrun sjáist upp fyrir jarðvegsyfirborð sé nauðsynlegt að múra yfir einangrun niður fyrir jarðvegsyfirborð og hafi sú venja skapast að miða við u.þ.b. 200 mm.

e) Eftir sé að ganga frá yfirborði á útveggjum bílskúrs. Það eigi eftir að ganga frá yfirborði þessara veggja eins og allra stoðveggja á lóðinni og sé þá átt við bæði hliðar veggja og ofan á veggjum. Um þetta sé enginn ágreiningur milli matsbeiðanda og matsþola.

f) Gat sé undir tröppum sem liggja upp á bílskúrþak. Samkvæmt arkitektateikningum hafi átt að vera veggur sunnan við tröppurnar upp á bílskúr, en þessi veggur sé ekki til staðar og þess vegna sé opið undir tröppurnar. Steypa skuli þennan vegg við hlið trappanna til að loka gatinu undir þær.

g) Yfirborð trappa á stiga sem liggi upp á bílskúrþak sé ófrágengið. Enginn ágreiningur sé um að þessi verkliður sé eftir.

h) Handrið ofan á bílskúr sé allt of lágt. Samkvæmt mælingu matsmanns á staðnum sé hæð útveggja bílageymslu á bilinu 670 til 730 mm upp fyrir efri brún loftplötu. Samkvæmt teikningu arkitekts eigi þessi hæð að vera 1.000 mm, en það sé sú hæð sem þurfi að uppfylla samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998. Það þurfi að hækka þessa veggj þannig að þeir verði í samræmi við teikningar arkitekts og kröfur byggingarreglugerðar og eðlilegt að gera það með því að steypa ofan á vegginn. Bora þurfi ofan í vegginn sem fyrir er og líma niður tengiteina. Einnig

þurfi að bæta við einni nýrri tröppu upp á bílskúrinn þar sem stéttin norðan hússins verði lækkuð samkvæmt því sem fram kemur í næsta lið.

3. Stétt að inngangi á norðurhlið ásamt vesturhlið

a) Nýr lóðarveggur norðan við steypa aðkomu að bakinngangi hússins sé ófrágenginn. Eftir eigi að laga misþykkt á veggnum. Einnig eigi eftir að gera við og ganga frá yfirborði steypa veggjarins. Laga þurfi yfirborð veggja, bæði hliðar og eins ofan á veggjum. Þegar veggir voru steypdir upp hafi víða verið settir þríhyrningslistar á veggbrúnir en þó alls ekki alls staðar. Á lóðarteikningu landslagsarkitekts, þar sem gerð sé grein fyrir þessum veggjum, sé ekki minnst á að taka skuli þessa 45° skáa efst á vegg. Þess vegna telur matsmaður að í frágangi veggja skuli þessi skái tekinn af og horn veggja gerð hvöss.

b) Eina tröppu vanti framan við bakinngang hússins að norðanverðu þar sem stétt norðan við húsið sé steypd um 14 cm hærrí en teikningar geri ráð fyrir. Útivatnskrannar sem komi út úr norðurhliðinni liggi því niður stéttaryfirborðið í stað þess að vera 20 cm ofan við planið. Einnig hafi verið steypd fyrir um 1/3 hluta af viftugati og það átt að vera 10 cm ofan við stéttina. Samkvæmt teikningu eigi að vera þrjár tröppur að bakinngangi á norðurhlið hússins, en þær séu tvær. Samkvæmt hönnun landslagsarkitekts átti kvóti neðan neðstu tröppu að vera 7,88, en mælist 8,00, eða 120 mm ofar en samkvæmt teikningu. Það sé ekki hægt að laga þetta nema með því að brjóta stéttina og fjarlægja, taka ofan af fyllingu og endurbjappa, steypa síðan nýja stétt og saga síðan í hana sprunguraufar, eins og áformað hafi verið og teikning landslagsarkitekts sýni. Tröppunni sem vanti við bakinngang verði þá bætt við og einni viðbótartröppu upp á bílskúrinn.

c) Göt séu sitt hvorum megin undir tröppum við inngang að norðanverðu. Í samkomulagi um verkkaup segi: „Steypdar tröppur norðan megin frá dyrum.“ Á teikningu landslagsarkitekts sé sýnd stétt alveg upp að húsi og hefði þess vegna verið eðlilegt að mati matsmanns að loka alveg undir tröppurnar sitt hvorum megin. Þessum götum skuli loka með múr og falli frágangur á lokun gata að aðliggjandi flötum.

d) Gaslagnir sem liggja frá eldhúsi hafi átt að vera fræstar inn í húsvegginn og liggja síðan undir stéttinni í gaskút þannig að þær sæjust ekki, en standi nú 3 cm frá húsinu ofan í stétt þ.e. þær standi út úr vegg og niður í stétt. Það eigi eftir að ganga frá og fræsa lögn inn í vegginn og ganga frá sárinu. Búið sé að fræsa í vegginn sem nemi þvermáli slöngunnar, en eftir sé að fræsa um 20 mm lengra inn í vegginn og niður í stéttina þannig að hægt sé að ganga frá sárinu utan við slönguna þegar henni hafi verið komið fyrir og hún fest tryggilega í rásarbotninn. Matsmaður leggur til að stéttin verði brotin og fjarlægð og ný steypd í rétttri hæð. Það þýðir nýja gaslögn úr eldhúsi og út í gasskáp við hlið bílskúrs. Matsmaður telur að þarna hafi verið farið frá verki í miðjum klíðum. Í kostnaðarmati sé metinn kostnaður við að ganga frá nýrri gaslöngu frá eldhúsi og út í gasskáp.

e) Niðurföll frá þaki séu ófrágengin. Það eigi eftir að tengja niðurfallsrör við þakrennu á aðalþaki hússins. Matsmaður telur að ganga skuli frá niðurfallsröri frá þakrennu og niður í niðurfallsstút í samræmi við mat VERKÍS.

f) Tvö niðurföll sem setja átti í steypu stéttina vanti. Vatn flæði því frá bílskúrsþakinu í dag og öllu svæðinu norðan við húsið og út í götu. Hafi matsþoli ekkert séð hvar þessi niðurföll ættu að vera er eðlilegt að hann hefði rætt það við matsbeiðanda. Matsmaður telur að koma eigi fyrir tveimur niðurföllum í stéttina norðan hússins.

g) Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) norðan hússins í samræmi við teikningu af lóð, en þar komi fram hvert munstrið eigi að vera. Þegar séu komnar sprungur í stéttirnar. Matsmaður leggur til að stéttin norðan hússins verði brotin upp og steypd neðar með minni halla, raufarnar verði þá gerðar í þá nýju stétt, en sögun sprunguraufa í stéttina norðan hússins verði metin undir þessum lið.

4. Steypt stétt og girðing vestan við húsið

a) Mjög mikill hliðarhalli sé á steypu stéttinni vestan við húsið, sbr. hér að ofan vegna vöntunar á tröppu. Á stéttinni þarna sé mikill hliðarhalli sem sé sá sami og langhalli stéttarinnar norðan við húsið þar sem þær mætast við norðvesturhorn hússins. Samkvæmt mælingu á staðnum komi í ljós að þverhalli á stéttinni vestan við húsið sé um 60%, eða 60 mm á hvern metra. Þetta sé mjög mikill halli á stétt upp við hús og meiri en forsvaranlegt er. Neðan trappanna vestan við húsið sé langhalli rúmlega 50%. Af þessum sökum þurfi að brjóta þessa stétt upp bæði ofan og neðan trappa, alveg frá húshorni og niður að garði. Þjappa skuli undir nýja stétt í samræmi við teikningar og með halla í samræmi við nauðsynlegan afrennslishalla, og steypa síðan nýja stétt. Þarna sé átt við stéttir bæði ofan og neðan trappa.

b) Eftir eigi að gera við og ganga frá yfirborði steyptra veggjarins, eins og á öðrum veggjum, ofan og á báðum hliðum.

c) Einnig eigi eftir að ganga frá malbiki næst girðingunni en á stéttinni vestan við vesturvegginn sé sár. Samkvæmt mælingu á staðnum þurfi að brjóta þarna upp um 200 mm ræmu meðfram veggnum og malbika í sárið til að útlitið verði sem næst því sama og á stéttinni.

d) Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun), sbr. teikningu. Á lóðarteikningu arkitekts séu sýndar sögunarlínur í stéttina vestan húss norðan við tröppur, en sögun hafi ekki farið fram.

5. Verönd á suðurhlið húss og tröppur milli svala og garðs.

a) Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun), sbr. teikningu.

b) Vatnspollar myndist á yfirborði verandar, t.d. nálægt inngangi. Það sjáist á stéttinni að á henni myndist staðbundnir pollar, sá stærsti nálægt inngangi. Samkvæmt mælingu sem matsmaður framkvæmdi með 1,8 m löngu hallamáli sé hvílt í veröndinni framan hurða úr stofu. Samkvæmt teikningu hafi átt að vera 50 mm halli frá hurð út úr stofu og fram á verandarbrún eða um 12% halli. Samkvæmt hallamælingu sé veröndin lárétt, þ.e. enginn halli á henni. Matsmaður telur að ekki sé um annað að ræða en brjóta upp alla veröndina til að búa til 12% halla eins og teikning landslagsarkitekts sýni, þar sem alveg hallalaus stétt bjóði upp á að frjósi á henni pollar og sprengi út frá sér. Þá þurfi að járnbinda saman verönd og tröppur til

að koma í veg fyrir að tröppur losni frá veröndinni og gap myndist milli efri tröppu og neðri brúnar verandar. Ekki sé hægt að laga þessa stétt með því að brjóta ofan af henni þar sem hún sé svo þunn að næg þykkt fengist ekki við tröppur auk þess sem laga þurfi í leiðinni tengingu við tröppur og frágang við neðstu tröppu niður í jörð svo að ekki sjáist undir neðstu tröppu.

c) Stærðar malarrauf sé milli efstu tröppu og neðri brúnar á verönd. Svo sé að sjá sem tröppur séu ekki tengdar veröndinni, þar sem umrædd malarrauf sé milli efri tröppu og verandar. Auk þess séu tröppur undnar. Ekki sé annar kostur í stöðunni en að brjóta þessar tröppur niður og fjarlægja steypubrotin. Síðan þurfi að ganga úr skugga um að þjöppuð fylling sér undir tröppum og endurgera þær þar og járnbanda þær saman við veröndina sem endurgera þurfi eins og fram kemur í næsta lið hér að framan. Niðurstaða matsmanns er að brjóta þurfi tröppur og fjarlægja brotin og endurgera í samfellu við veröndina sem líka þurfi að endurgera.

d) Tröppur milli verandar og grasflatar séu misbreiðar og virðist auk þess ganga í öldum. Samkvæmt mælingu sé uppstig frá efri tröppu upp á verönd 135 til 150 mm og frá neðri tröppu upp á efri tröppu 110 til 135 mm og breiddin líka rokkandi. Með berum augum sjáist að tröppur gangi í bylgjum. Brjóta þurfi tröppur niður og fjarlægja brotin og endurgera í samfellu við veröndina sem líka þarf að endurgera.

e) Veruleg hækkun sé á neðri tröppu vestast við lóðamörk. Neðri trappan gangi umtalsvert upp í vesturendann við lóðamarkavegginn. Þarna hafi bara átt að vera eitt uppstig frá garði og upp á stéttina þannig að tveimur tröppum sé ofaukið frá vegg við verönd að vegg á vesturlóðarmörkum. Hins vegar hafi átt að vera níu uppstig í tröppunum vestan hússins en í raun séu þau bara sex og of mikill halli sé á stéttinni þarna á milli. Það er niðurstaða matsmanns að brjóta skuli þessar tröppur upp og endurgera stéttina, en á henni eigi að vera um 30% halli og þá þurfi að bæta þrem tröppum við þessar sex sem fyrir eru vestan við húsið.

f) Víða séu stórar rifur undir neðstu tröppuna að framanverðu. Enginn kantur hafi verið steiptur undir neðri tröppuna að framan og sé hún sums staðar á lofti, þ.e. opið undir hana. Þessar tröppur verði að endurgera, steypa þurfi kant undir neðri tröppuna þannig að alveg verði lokað undir hana.

g) Þökur hafi verið lagðar þétt að steiptum veggjum og tröppu í stað þess að setja helluröð eða U-stál til að auðvelda slátt á lóð. Á teikningu landslagsarkitekts standi: „U-stál meðfram grassvæði og steiptum vegg á lóðarmörkum 21m eða þrifahella 20x20x6.“ Ekki sé tekið fram að þetta gildi líka um tröppur, en líklegt sé að það sé hugsunin. Matsmaður telur að annaðhvort skuli koma fyrir U-stáli eða hellum 20x20x6 til samræmis við teikningu af grunnmynd lóðar. Eðlilegt sé að svona frágangur sé líka við tröppur, en það sé þá viðbótarverk þar sem hönnuður hafi ekki gert ráð fyrir því.

6. Veggur meðfram suðurlóðarmörkum.

a) Eftir eigi að ganga frá yfirborði veggjar með suðurlóðarmörkum, þ.e. múrverki veggjar með tilheyrandi lagfæringum. Ganga þurfi frá yfirborði veggjarins að ofan og á báðum hliðum.

b) Eftir eigi að laga malbik gangstéttar utan við vegginn. Eftir að veggur var steiptur hafi ekki verið gengið frá malbiki við vegginn götumegin. Enn sé eftir að ganga frá sárinu á stéttinni sunnan við vesturvegginn. Samkvæmt mælingu á staðnum þurfi að brjóta þarna upp um 400 mm ræmu meðfram veggnum og malbika í sárið til að útlitið verði sem næst því sama og á götunni. Hreinsa skuli burt steypuhröngl og klepra meðfram veggnum, þjappa undir nýtt malbik og malbika í sárið þannig að útlit verði sem líkast aðliggjandi götumalbiki.

c) Eftir eigi að helluleggja eða setja U-stál með vegg milli veggjar og grasflatar. Teikning landslagsarkitekts geri ráð fyrir skilum milli veggjar og grass meðfram vegg á suðurlóðarmörkum að væntanlegri timburverönd. Koma eigi fyrir við vegg U-stáli eða steypum hellum 20x20x6cm.

7. Innkeyrsla.

a) Eftir eigi að ganga frá yfirborði veggja sem eru til hliðar við innkeyrslu, þ.e. lagfæringar undir múrverk og múrverkið sjálf sé eftir á þessum veggjum. Saga þurfi fyrir og ganga frá innfellnum rafmagnsrörum, brjóta misfellur af veggjum, steypa í göt og hreiður og múra síðan vegginn. Í leiðinni skuli fylla í 45° úrtök efst á veggjum og slétta að ofan.

b) Eftir eigi að ganga frá köntum á upphækkaðri stétt framan við inngang. Kantur sé hrjúfur og götóttur og það eigi eftir að hreinsa hann, holufylla og múra yfir. Ganga skuli frá köntum upphækkaðrar stéttar við inngang.

c) Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) í samræmi við teikningu landslagsarkitekts.

8. Annað.

a) Pollar myndist á stétt framan við aðalinngang. Að sögn matsbeiðanda afvatni stéttin framan aðalinngangs sig ekki, þ.e. pollar myndist á henni. Samkvæmt mælingu sé nánast enginn þverhalli á þessari stétt en langhalli 3,5%. Miðað sé við að halli á steiptum gangstéttum skuli vera 25-30%, en hins vegar miði hönnuður þessarar lóðar við 12% halla á steyptri verönd sunnan hússins. Matsmaður miði við sama halla á stétt framan aðalinngangs. Þessu megi ná með því brjóta t.d. 60 mm ofan af stéttinni og forma síða á hana 40 mm langhalla eða 12% með viðgerðarmúr.

b) Eftir eigi að ljúka við að leggja raflagnir og dósir fyrir lýsingu sem eigi að vera inni í steiptum veggjum. Á tveimur stöðum á lóðarteikningu séu veggir sem eigi að vera með innfældri lýsingu og samkomulag um verkkaup taki til dósa og lagna fyrir lýsingu í veggi. Þá sé í tilboði verktaka liðurinn „saga í vegg í lengdarmetrum“. Í samræmi við þetta skuli ljúka við að saga rásir fyrir raflagnir og múra þær inn í veggi. Niðurstaða matsmanns er að ljúka skuli við gerð rása fyrir raflagnir og úrtök fyrir dósir og múra yfir þannig að veggirnir verði tilbúnir fyrir múrverk.

c) Ruslatunnueiningu vanti norðan megin við húsið. Á teikningu sé sýnt að sorp skuli vera í horni milli húss og bílskúrs norðan við húsið, en ákveðið hafi verið að staðsetja það í norðvesturhorni lóðar og færa veggstubbinn sem þar er sýndur á norðurlóðarmörkunum til að koma því fyrir. Það er niðurstaða matsmanns að

svokölluðu „ruslajúnití“ skuli koma fyrir samkvæmt samkomulagi. Í kostnaðarmati áætli matsmaður verð á dæmigerðri ruslatunnueiningu, sem rúmar tvær tunnur.

d) U-stál eða hellur vantar alls staðar meðfram grasi og veggjum og tröppum. Eins og fram hafi komið hafi gras hvergi verið slitið frá steiptum veggjum eða tröppum, en þessum verklið séu gerð skil annars staðar.

e) Eftir eigi að ganga frá viftum á austur- og norðurhlið. Um sé að ræða eina loftrás ofan við bílskúr og eina á norðurhlið, en við hana sé vifta sem standi á stéttinni fyrir utan vegna þess að nýja stéttin hafi verið steipt ofar en hún átti að vera, þannig að ekki sé hægt lengur að hengja viftuna á vegginn eins og hún var áður. Það eigi eftir að koma fyrir rist á loftrásina ofan við bílskúrinn. Þegar stétt norðan hússins hafi verið endurgerð skuli hengja viftuna á vegginn yfir viftugatinu og einnig skuli setja rist yfir loftræsiopið ofan bílskúrs.

f) Mikið sé eftir í viðgerð á veggjum áður en að pússningu kemur. Það eigi eftir að undirbúa alla veggj undir múrverk með því að laga steypuhreiður, jafna misbrúnir, fjarlægja tengijárn, tréflísar, nagla og fleira.

Matsmaður metur kostnað við úrbætur eins og fram kemur í töflu hér á eftir. Metinn kostnaður innifelur allan kostnað verktaka við að vinna viðkomandi verklið og innifelur virðisaukaskatt. Miðað er við að verkið sé unnið í einum áfanga og sé unnið af faglærðum mönnum með aðstoðarmönnum. Tekið er tillit til umfangs verkliða og aðstæðna á verkstað. Metinn kostnaður er á verðlagi í samræmi við dagsetningu matsgerðar.

	@ efni, tækjaleiga	@ vinna	Upphæð
Matsliður 3- Kostnaðarmat			
Bílskúr inni			
Endar á gólfhitalögnum koma upp utan við kyndiklefa	24.000	37.000	61.000
Hluti af vesturhlið bílskúrs er óeinangruð	34.000	49.000	83.000
Loft bílskúrs er pússað með örþunnri pússningu	37.000	78.000	115.000
Rakavarnarlag vantar undir gipsklæðningu á suðurg. bílskúrs	8.000	11.000	19.000
Loftræsing bílskúrs er ekki samkvæmt byggingarreglugerð	15.000	22.000	37.000

	118.000	197.000	315.000
Bílskúr utanhúss			
Pollar sitja á þaki bílskúrs - Ekki metinn kostnaður í þessum lið			
Eftir er að ganga frá einangrun utan á bílskúr	54.000	42.000	96.000
Eftir er að pússa utan á einangrun	30.000	107.000	137.000
Nauðsyn er að múra a.m.k. 20 cm niður f. jarðvegsyfirborð	Með	fyrir	ofan
Eftir er að ganga frá yfirborði á útveggjum bílskúrs	25.000	87.000	112.000
Múrfrágangur innan á handrið og framan á handrið á skúr	31.000	110.000	141.000
Gat er undir tröppum sem liggja upp á bílskúrþak	11.000	46.000	57.000
Yfirborð trappa sem liggja upp á bílskúrþak er ófrágengið	9.000	16.000	25.000
Handrið ofan á bílskúr allt of lágt	95.000	75.000	170.000
Ein ný trappa upp á bílskúr	8.000	16.000	24.000
	263.000	499.000	762.000
Stétt að inngangi á norðurhlið ásamt vesturhlið			
Nýr lóðarveggur norðan við steypa aðkomu að bakinngangi er ófrágenginn	26.000	93.000	119.000
Frágangur lóðarveggs að ofan	3.000	58.000	61.000
Eina tröppu vantar framan við bakinngang að norðanverðu	12.000	12.000	24.000
Göt eru sitt hvorum megin undir tröppum við inngang, að norðan	4.000	6.000	10.000
Gaslagnir frá eldhúsi	29.000	24.000	53.000
Niðurföll frá þaki eru ófrágengin	36.000	17.000	53.000

Tvö niðurföll sem setja átti í steypu stéttina vantar	9.000	153.000	162.000
Eftir er að saga sprunguraufar í stétt	63.000	148.000	211.000
Brot á stétt og brottflutningur steypubrota	106.000	110.000	216.000
Skafa ofan af fyllingu og þjappa undir stétt	84.000	19.000	103.000
Steyp t ný stétt í samræmi við teikningar	418.000	124.000	542.000
	790.000	764.000	1.554.000
Steyp t stétt og girðing vestan við húsið			
Frágangur lóðarveggs að ofan	6.000	108.000	114.000
Eftir er að gera við og ganga frá yfirborði steypa veggjarins	93.000	330.000	423.000
Einnig er eftir að ganga frá malbiki á stétt næst girðingunni	25.000	27.000	52.000
Eftir er að saga sprunguraufar í stétt(fúgusögun) sbr. teikningu	16.000	37.000	53.000
Brot á stétt og brottflutningur steypubrota	90.000	93.000	183.000
Lagfæra fyllingu og þjappa undir stétt	71.000	16.000	87.000
Steyp t ný stétt í samræmi við teikningar	354.000	105.000	459.000
Þrjár tröppur vantar vestan við húsið	37.000	36.000	73.000
Fleygun ofan af klöpp neðan trappa	32.000	23.000	55.000
	724.000	775.000	1.499.000
Verönd á suðurh. húss og tröppur milli svala og garðs			
Eftir er að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) sbr. teikningu	48.000	113.000	161.000
Vatnspollar myndast á yfirb. verandar t.d. nálægt inngangi	Endurgerð	sjá hér að	neðan
Stærðar malarrauf er milli efstu tröppu og neðribrúnar á verönd	Endurgerð	sjá hér að	neðan

Tröppur milli grasflatar og verandar eru misbreiðar	Endurgerðar	sjá hér að	neðan
Veruleg hækkun er að neðstu tröppu vestast við lóðamörk	Endurgert	sjá hér að	neðan
Víða eru stórar rifur undir neðstu tröppuna að framanverðu	Endurgerðar	sjá hér að	neðan
Þökur eru lagðar þétt að steiptum veggjum og tröppu í stað þess að setja helluröð/U stál til að auðvelda slátt á lóð o.fl.	42.000	62.000	104.000
Brot á stétt og tröppum/brotflutningur steypubrota	73.000	75.000	148.000
Lagfæra fyllingu og þjappa undir stétt	58.000	13.000	71.000
Steipt ný stétt í samræmi við teikningar	252.000	75.000	327.000
Steiptar nýjar tröppur	70.000	68.000	138.000
	543.000	406.000	949.000
Veggur meðfram suðurlóðarmörkum			
Eftir er að ganga frá yfirborði veggjar að suðurlóðarmörkum	65.000	229.000	294.000
Frágangur lóðarveggs að ofan	41.000	85.000	126.000
Eftir er að laga malbik gangstéttar við vegginn	33.000	36.000	69.000
Eftir er að helluleggja/U-stál með vegg milli veggjar og grass	Þessi liður	er með í ver-	önd á suðurhlíð
	139.000	350.000	489.000
Innkeyrsla			

Eftir er að ganga frá yfirborði veggja sem eru til hliðar við innkeyrslu	79.000	281.000	360.000
Eftir er að ganga frá köntum á upphækkaðri stétt framan við inngang	13.000	27.000	40.000
Eftir er að saga sprungur í stétt (fúgusögun) sbr. teikningu	105.000	246.000	351.000
	197.000	554.000	751.000
Annað			
Pollar myndast á stétt framan við aðalinngang	49.000	42.000	91.000
Eftir er að ljúka við að leggja raflagnir og dósir fyrir lýsingu sem eiga að vera inni í steiptum veggjum	23.000	38.000	61.000
Ruslatunnueiningu vantar norðan megin við húsið	220.000	72.000	292.000
U-stál/hellur vantar alls staðar meðfram grasi og veggjum og tröppum	Þessi liður	er tekinn með	verönd á suðurhl.
Eftir er að gagna frá viftum á austur- og norðurhlið	15.000	30.000	45.000
Mikið er eftir í viðgerð á veggjum áður en að pússningu kemur	Tekið með í	hverjum lið	
	307.000	182.000	489.000
Heildarmat	3.081.000	3.727.000	6.808.000
Samtals kr.			

Þá fjallar matsmaður í matsgerðinni um þá matsspurningu hvort byggingarstjóri, sem jafnframt er húsasmíðameistari að verkinu, hafi mátt gera sér grein fyrir þeim frávikum sem á umræddum verkliðum væri að finna. Matsmaður segir að með því að bera saman mannvirkin eins og þau hafi verið á staðnum og teikningu landslagsarkitekts sjáist strax að tröppur bæði vestan og norðan hússins séu færri en teikning sýni og einnig eigi að vera eitt uppstig upp á stéttina úr garðinum vestan hússins en þau séu í raun þrjú. Mjög óeðlilegt sé að hafa vatnskрана alveg niður í stéttinni, auk þess sem loftræsigt sé komið að hálfu leyti niður í stéttina þannig að vifta sem þar var komist ekki fyrir lengur, auk lekahættu sem því fylgi. Halli á stéttum séu með þeim hætti að allir sjái að það sé ekki eðlilegt. Ef byggingarstjórinn hefði síðan mælt hæðarpunkta á nokkrum stöðum hefði hann séð að ekki hafi verið farið eftir teikningu með hæðarsetningu. Matsmaður telur að byggingarstjórinn/húsasmíðameistarinn hefði mátt gera sér grein fyrir að ekki hafi verið farið eftir teikningu með hæðarsetningar sem hafi leitt af sér annmarka sem sjáist greinilega.

Að lokum tekur matsmaður fram að kostnaðarmat hans sé fyrir efni og vinnu með virðisaukaskatti, 6.808.000 kr., eða 5.424.701 kr. án/VSK. Efnisliðurinn nemi 3.081.000 kr. m/VSK, eða 2.454.980 kr. án/VSK og vinnuliðurinn nemi 3.727.000 kr. m/VSK eða 2.969.721 kr. án VSK.

III.

Stefnendur byggja á því að samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð dómkvadda matsmanns sé staðfest að verkið hafi ekki verið unnið í samræmi við samþykktar teikningar. Stefndi Guðmundur Már sem byggingarstjóri fasteignarinnar beri skaðabótaábyrgð samkvæmt 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998, grein 32.2, sbr. reglugerð nr. 112/2012.

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð dómkvadda matsmanns sé staðfest að verulegir ágallar hafi komið í ljós á verkinu sem rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verksmíði einstakra iðnmeistara eða hönnuða. Beri stefndu Mótamenn ehf. og stefndi Guðmundur Már sem húsasmíðameistari ábyrgð á þeim ágöllum og byggingarstjóri, stefndi Guðmundur Már, beri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda verksins, samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Þetta sé staðfest í matsgerð dómkvadda matsmanns, en á bls. 25 í matsgerð komi fram að matsmaður telji að byggingarstjórinn/húsasmíðameistarinn hefði mátt gera sér grein fyrir því að ekki hafi verið farið eftir teikningu með hæðarsetningar sem hafi leitt af sér annmarka sem sjáist greinilega á staðnum.

Stefndu Mótamenn ehf. og Guðmundur Már sem húsasmíðameistari beri ábyrgð á faglegri framkvæmd einstakra verkþátta. Fagleg ábyrgð sé byggð á 2. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 og byggingarreglugerð nr. 441/1998, 118. gr. Stefndi Guðmundur Már beri sömuleiðis ábyrgð sem byggingarstjóri á faglegri framkvæmd verksins, þar sem hann hafi bæði verið húsasmíðameistari og byggingarstjóri verksins og geti því ekki skotið sér undan skyldum byggingarstjóra, verandi einnig með faglega ábyrgð verksins sem húsasmíðameistari.

Stefnda Verði tryggingum hf. sé stefnt á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, en stefndi Guðmundur Már hafi verið með gilda ábyrgðartryggingu hjá félaginu þegar tjónið varð. Hafi félagið nú þegar viðurkennt tjón stefnenda að hluta. Samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingarskilmálum, grein 2.2, sé stefndi Guðmundur Már váttryggður gegn bótaskyldu er fellur á váttryggðan sem byggingarstjóra þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni vegna vanrækslu byggingarstjóra á skyldum sínum samkvæmt 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Engar frekari takmarkanir séu á bótasviðinu, að undanskildum áhættum í 3. gr. skilmála félagsins. Ábyrgð félagsins hvíli því alfarið á 29. gr. laga nr. 160/2010. Bótaskylda samkvæmt 29. gr. laga nr. 160/2010 felist í því að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga nr. 160/2010. Þessu eftirliti hafi byggingarstjóri verksins, stefndi Guðmundur Már, ekki sinnt og látið verkið halda áfram þrátt fyrir að honum hafi ekki dulist að ekki væri byggt í samræmi við fyrirbyggjandi teikningar. Þá beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum verksins, enda hefðu ágallar þessir ekki átt að dyljast

byggingarstjóra. Í matsgerð komi fram að matsmaður hafi framkvæmt hæðarmælingar á stétt, tröppum, bílskúrsþaki o.fl. og veruleg frávík hafi verið í mælingum frá fyrirbyggjandi teikningum. Þá tuki matsmaður fram í matsgerð að ef byggingarstjóri hefði mælt hæðarpunkta á nokkrum stöðum hefði hann séð að ekki hafi verið farið eftir teikningu með hæðarsetningu. Byggingarstjóri hefði þannig mátt gera sér grein fyrir því að ekki hafi verið farið eftir teikningu með hæðarsetningar sem leitt hafi af sér annmarka sem sjáist greinilega á staðnum.

Stefnendur vísa að öðru leyti til þess að í dómaframkvæmd hafi verið staðfest að bótaábyrgð byggingarstjóra liggi ekki einvörðungu í því að sjá til þess að byggt sé í samræmi við fyrirbyggjandi uppdrætti, lög og reglugerðir, heldur beri byggingarstjóra einnig skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingaframkvæmdum sem hann stýrir, þ. á m. að iðnmeistarar sem koma að verki fyrir hans atbeina sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 239/2012, og þá dóma sem þar sé vísað til.

Allt ofangreint leiði til þess að stefndu beri bótaábyrgð á göllum verksins sem staðfestir hafa verið í fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddis matsmanns. Stefndu sé stefnt in solidum á grundvelli samaðildar, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991, og sömuleiðis samlagsaðildar, sbr. 19. gr. sömu laga, enda eigi dómkröfur rætur að rekja til sama atviks.

Um sundurliðun á tjóni sínu vísa stefnendur til fyrirbyggjandi matsgerðar. Krafan sundurliðist þannig:

1. Bílskúr innanhúss: Endar á gólfhitalögnum komi upp utan við vegg kyndiklefa í bílskúr í stað þess að ganga inn í gegn um hann og inn í kyndiklefann. Hluti af vesturhlið bílskúrs sé óeinangraður. Loftið í bílskúrnum sé þússað með örþunnri þússningu, sem geri það að verkum að ekki sé hægt að hengja upp ýmis tól og tæki, s.s. hjól og annað og setja upp bílskúrðshurðaropnara. Þá vanti rakavarnarlag undir gífsklæðningu á suðurgafli bílskúrs. Þá sé loftræsting bílskúrs ekki samkvæmt byggingarreglugerð. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 315.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

2. Bílskúr utanhúss: Pollar sitji á þaki bílskúrs. Eftir eigi að ganga frá einangrun utan á bílskúr. Einangra þurfi vegg minnst 50 cm upp fyrir loftplötu til að koma í veg fyrir kuldabru. Eftir eigi að þússa utan á einangrun. Nauðsynlegt sé að múra a.m.k. 20 cm niður fyrir yfirborð næst bílskúr í samræmi við teikningu. Eftir eigi að ganga frá yfirborði á útveggjum bílskúrs, en öll múrvinna á yfirborði útveggja sé eftir. Gat sé undir tröppum sem liggi upp á bílskúrsþak, en samkvæmt teikningu arkitekts sé sýndur kantur sem loki fyrir op undir tröppur á bílskúr. Yfirborð trappa á stiga sem liggi upp á bílskúrsþak sé ófrágengið, en þrepin séu óslétt og mótin á framhlið þrepanna hafi gengið niður í þrepin. Handrið ofan á bílskúr sé of lágt, eða 60-70 cm á hæð en eigi að vera 1 m samkvæmt teikningu arkitekts. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 762.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

3. Stétt að inngangi á norðurhlið ásamt vesturhlið: Nýr lóðarveggur norðan við steypa aðkomu að bakinngangi hússins sé ófrágenginn, en eftir sé að laga misþykkt á vegg, höggva burt steypuhreiður, jafna út misbrýningu á steypuskilum, fjarlægja tengijárn, nagla o.fl. Eina tröppu vanti framan við bakinngang hússins að norðanverðu, þar sem stétt norðan við húsið sé steipt um 14 cm hærra en teikningar geri ráð fyrir. Útivatnskranar sem komi út úr norðurhliðinni liggi því niður stéttar yfirborðið í stað þess að vera 20 cm ofan við planið. Einnig sé steipt fyrir um 1/3 hluta af viftugati á veggnum en það hafi átt að vera 10 cm ofan við stéttina. Göt séu sitt hvorum megin undir tröppum við inngang að norðanverðu. Gaslagnir sem liggi frá eldhúsi hafi átt að vera fræstar inn í húsvegginn og liggja síðan undir í gaskút þannig að þær sæjust ekki, en standi nú 3 cm frá húsinu ofan í stétt. Niðurföll frá þaki séu ófrágengin. Tvö niðurföll, sem hafi átt að setja í steypu stéttina, vanti. Vatn flæði því frá bílskúrþakinu og öllu svæðinu norðan við húsið og út á götu. Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) í samræmi við teikningu af lóð, en þar komi fram hvernig munstrið eigi að vera. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 1.554.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

4. Steipt stétt og girðing vestan við húsið: Mjög mikill hliðarhalli sé á steypu stéttinni vestan við húsið vegna vöntunar á tröppu. Á stéttinni sé mikill hliðarhalli sem sé sá sami og langhalli stéttarinnar þar sem þær mætast við norðvesturhorn hússins. Eftir eigi að gera við og ganga frá yfirborði steypa veggjarins. Einnig eigi eftir að ganga frá malbiki á gangstétt næst girðingunni. Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) í samræmi við teikningu af lóð, en þar komi fram hvernig munstrið eigi að vera. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 1.499.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

5. Verönd á suðurhlið húss og tröppur milli svala og garðs: Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) í samræmi við teikningu af lóð, en þar komi fram hvernig munstrið eigi að vera. Vatnspollar myndist á yfirborði verandar, t.d. nálægt inngangi. Stærðar malarrauf sé milli efstu tröppu og neðri brúnar á verönd. Tröppur milli grasflatar og verandar séu misbreiðar og gangi í öldum. Veruleg hækkun sé á neðri tröppu vestast við lóðamörk. Víða séu stórar rifur undir neðstu tröppunni að framanverðu, en enginn kantur hafi verið steiptur undir neðri tröppuna að framan og sé sums staðar opið undir hana. Þökur séu lagðar þétt að steiptum veggjum og tröppu í stað þess að setja helluröð/U-stál, til að auðvelda slátt á lóð o.fl., eins og komi fram á teikningu landslagsarkitekts. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 949.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

6. Veggur meðfram suðurlóðarmörkum: Eftir eigi að ganga frá yfirborði veggjar með suðurlóðarmörkum. Eftir eigi að laga malbik gangstéttar utan við vegginn. Eftir sé að helluleggja/U-stál með vegg milli veggjar og grass, eins og teikning landslagsarkitekts geri ráð fyrir. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 489.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

7. Innkeyrsla: Eftir eigi að ganga frá yfirborði veggja sem eru til hliðar við innkeyrslu. Eftir eigi að ganga frá köntum á upphækkaðri stétt framan við inngang. Eftir eigi að saga sprunguraufar í stétt (fúgusögun) í samræmi við teikningu af lóð, en þar komi fram hvernig munstrið eigi að vera. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 751.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

8. Annað: Pollar myndist á stétt framan við aðalinngang. Eftir sé að ljúka við að leggja raflagnir og dósir fyrir lýsingu sem eiga að vera inni í steypum veggjum samkvæmt lóðarteikningu. Ruslatunnueiningu vanti norðan megin við húsið. U-stál/hellur vanti alls staðar meðfram grasi og veggjum og tröppum. Eftir eigi að ganga frá viftum á austur- og norðurhlið hússins. Mikið sé eftir í viðgerð á veggjum áður en að pússningu komi. Að mati matsmanns sé áætlaður kostnaður 489.000 kr. við að koma umræddum verklið í það horf að hann svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila.

Stefnendur segja að verulegt tjón hafi nú þegar orðið á öllum stéttum sem steypar hafi verið, þar sem sprungusögun hafi ekki verið gerð. Allar stéttir séu orðnar sprungnar og illa farnar og sé það sannarlega galli á verkinu. Tjón vegna þessa sé ekki metið í matsgerðinni, en ljóst að tjónið sé verulegt þar og standi stefnendur frammi fyrir því að láta brjóta upp stéttirnar og steypa þær aftur og bera allt tjón vegna þessa sjálfir og nemi tjónið mun meira en sem nemur kostnaði við að sprungusaga stéttirnar.

Krafa stefnenda sé byggð á niðurstöðum fyrirliggjandi matsgerðar þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að 6.808.000 kr. kosti að bæta úr við að koma þeim verkliðum sem metnir voru í matsgerðinni í það horf að þeir svari til þeirrar lýsingar sem er sett fram á hinum samþykktu teikningum og verksamningi aðila. Matskostnaður vegna matsgerðar nemi 789.069 kr., kostnaður vegna VERKÍS nemi 583.666 kr. og áfallinn lögfræðikostnaður við gerð bótakröfu hinn 4. mars 2013 hafi numið 997.577 kr., eða samtals 9.178.312 kr., en það sé stefnufjárhæðin.

Hinn 28. maí 2013 hafi stefndi Vörður tryggingar hf. greitt 2.456.992 kr. upp í tjón stefnenda. Samkvæmt sundurliðun með greiðslunni hafi verið greitt fyrir viðgerð vegna enda á gólfhitalögnum, 61.000 kr., og vegna rakavarnarlags, 19.000 kr., hvort tveggja í samræmi við matsgerð. Greiddar hafi verið 200.000 kr. að álitum vegna norðurstéttar og sú greiðsla hafi átt að innifela brot á stétt, lagfæringu fyllingar og steypu á nýrri stétt í samræmi við teikningar, en samkvæmt matsgerð hafi þessi liður numið 1.554.000 kr. Þá hafi verið greiddar 857.000 kr. vegna uppbrots og steypu á stétt vestan við hús, en samkvæmt matsgerð hafi þessi liður numið 1.499.000 kr. Þá hafi verið greiddar 684.000 kr. vegna verandar á suðurhlið og trappa milli svala og garðs, en samkvæmt matsgerð hafi þessi liður numið 949.000 kr. Þá hafi verið greiddar 91.000 kr. vegna pollamyndunar á stétt fyrir framan inngang. Samtals hafi stefndi Vörður tryggingar hf. greitt stefnendum 1.912.000 kr., eða um 28% af heildarkostnaði þeim sem matsmaður hafi metið nauðsynlegan. Þá hafi félagið greitt hlutfallslegan kostnað stefnenda vegna matsgerðar, kostnaðar VERKÍS og lögfræðivinnu. Alls hafi greiðslan numið 2.456.992 kr., að teknu tilliti til endurgreidds virðisaukaskatts.

Dráttarvaxtakrafa stefnenda byggist á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 9. gr. sömu laga, svo og 6. mgr. 50. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Kröfubréf stefnenda sé dagsett 4. mars 2013 og beri því krafan dráttarvexti frá og með 4. apríl 2014.

Stefnendur hafna sjónarmiðum stefnda Varðar tryggingar hf. sem koma fram í gögnum málsins, um að óþarfi sé að brjóta upp stétt norðan megin við húsið þar sem ekki sé um galla að ræða, þótt stéttin sé í rangri hæð. Matsmaður hafi komist að þeirri niðurstöðu að röng hæðarstaðsetning stéttar sé galli, sem sé á ábyrgð byggingarstjóra. Stéttin hallist til vesturs sem geri það að verkum að í frostveðri myndist ísing í hallanum og skapi slysaþættu fyrir gangandi vegfarendur. Þessi hæðarmismunur sjáist með berum augum og ljóst að brjóta þurfi stéttina upp og steypa nýja. Þá hafna stefnendur þeirri fullyrðingu um að ef stéttin hefði ekki verið hækkuð þá gæti framburður frá aðliggjandi lóð valdið tjóni á eign stefnenda. Stéttin sé í rangri hæð þar sem eina af þremur tröppum vanti. Frágang við aðliggjandi lóð hafi átt að leysa með öðrum hætti. Jafnframt mótmæla stefnendur því að hæðarbreyting á stétt hafi verið gerð með samkomulagi stefnenda og stefnda Mótamanna ehf. Vegna viðbáru stefnda Varðar tryggingar hf. um að teikningar hafi verið rangar, sem leitt hafi til þessara mistaka, taka stefnendur fram að eitt af meginhlutverkum byggingarstjóra sé að fara yfir uppdrætti og hönnunargögn með tilliti til þess hvort ágallar kunni að vera á þeim. Samkvæmt þessu liggi fyrir að svo hafi ekki verið gert og hafi byggingarstjóri því vanrækt skyldur sínar, sem leitt hafi til tjóns á verkinu.

Stefnendur mótmæla alfarið staðhæfingum stefndu um að ekki sé búið að greiða fyrir verkið og að um ókláruð verk sé að ræða sem ekki falli undir byggingarstjóraþrygginguna. Upphaflegt tilboð hafi numið 6.941.000 kr., en fallið hafi verið frá tveimur liðum, fleygun og niðurbroti á skorstein, þannig að tilboðið hafi lækkað í 6.851.000 kr. Tveir viðbótarliðir hafi komið í ljós, vegna breytinga á magntölum, að fjárhæð 2.141.830 kr., eða samtals 8.992.830 kr. Stefnendur hafi greitt 8.705.720 kr. og því séu einungis ógreiddar 287.110 kr. af verkinu, sem í ljósi aðstæðna geti harla talist vanefndir af hálfu stefnenda í ljósi niðurstöðu matsgerðar. Stefnendur hafi þannig að fullu greitt fyrir verkið.

Þá mótmæla stefnendur því að handrið ofan á bílskúr sé óklárað verk. Fyrir liggi að handriðið hafi verið of lágt og ekki í samræmi við byggingarreglugerð og það staðfest í matsgerð. Hafi stefnendur látið brjóta niður handriðið og steypa nýtt, í réttri hæð. Þá gæti misskilnings hjá stefnda Verði tryggingum hf. um að handrið yrði sett ofan á vegginn, en handriðið eigi að vera steipt eins og fram komi í verksamningi og matsgerð.

Að öllu ofangreindu telja stefnendur ljóst að stefndu beri bótaábyrgð á tjóni því sem staðfest hefur verið í fyrirliggjandi matsgerð, sem ekki hefur verið hrakin af stefndu.

Um lagarök vísa stefnendur til laga um mannvirki nr. 160/2010, skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sbr. rgj. nr. 160/2010. Stefnendur vísa einnig til iðnaðarlaga nr. 42/1978. Þá er vísað til laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Einnig er vísað til almennu sakarreglunnar og reglna skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð. Jafnframt vísa stefnendur til almennra

reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísa stefnendur til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV.

Stefndu Guðmundur Már og Mótamenn ehf. byggja á því að í tilboði stefnda Mótamanna hafi ekki verið innifalið að múra eða filta bílskúr að utan eða innan, né að múra eða filta stoðveggi. Umsamið verð fyrir verkið hafi verið samkvæmt tilboði Mótamanna ehf., 6.941.000 kr., með fyrirvara um magntölur. Samkvæmt 4. gr. samkomulagsins hafi tilboð verktaka, merkt fylgiskjal I, verið til viðmiðunar. Þar sjáist að inn í fyrrgreinda upphæð vanti ýmsa liði sem tilgreindir séu í samkomulaginu. Ekki séu tilgreind U-stál, niðurföll, lagnir frá niðurföllum, „ruslajúnit“, dósir og lagnir fyrir lýsingu í vegg. Þá sé tilgreindur sérstaklega á annarri blaðsíðu fylgiskjalsins kostnaður vegna moldarfyllingar og þökulagnar sem og kostnaður vegna múrunar og pússningar. Þá sé jafnframt gefið upp verð fyrir snjóbræðslu í stéttum, verönd og innkeyrslu. Þessir liðir hafi verið tilgreindir sérstaklega af verktaka þar sem þeir hafi ekki verið hluti af upphaflegri kostnaðaráætlun.

Allir reikningar sem gefnir hafi verið út vegna verksins hafi verið gerðir í samráði við stefnanda Arndísi samkvæmt sundurliðun hennar. Þar sé m.a. tilgreindur undir liðnum „ekki í tilboði“ kostnaður vegna grass og gróðurmoldar/moldarfyllingar. Neðst í hægra horni skjalsins séu tilgreindir verkþættir sem þannig falli utan tilboðsins og sé þar að finna liðinn „múrun, pússning“. Þannig sé ljóst að múrverk og pússning hafi ekki verið innifalin í verksamningi.

Þá segja stefndu að margir kröfuliðir stefnenda hafi verið bættir af stefnda Verði tryggingum hf. og því sé mótmælt að byggt sé á þeim þáttum. Þá er því mótmælt að einstakir verkþættir sem ekki hafi verið framkvæmdir og ekki hafi verið greitt fyrir geti orðið grundvöllur bótakröfu. Þá tilgreina stefnendur m.a. polla á þaki bílskúrs sem tjón, en það sé í ósamræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar. Þar sem múrverk og pússning sé ekki innifalin í verksamningi aðila mótmæla stefndu að í matsbeiðni stefnenda sé verið að fella þann frágang á stefndu. Að mati stefndu hefur stoðveggjum og ytra og innra byrði bílskúrsins verið skilað í samræmi við verksamning. Þá hafi stöðvun stefnenda á verkinu og uppsögn orsakað það að ekki hafi verið lokið við einstaka verkliði og ekki verið hafist handa við aðra. Meint tjón stefnenda er að mati stefndu stórlega ofmetið.

Stefndu mótmæla þeirri fullyrðingu stefnenda að samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sé staðfest að verulegir ágallar hafi komið í ljós á verkinu og rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verksmiði einstakra iðnmeistara eða hönnuða. Það sé niðurstaða matsmanns að verkinu sé ekki að fullu lokið og að verkið hafi ekki verið unnið í samræmi við teikningar að ýmsu leyti. Í þessu felist ekki viðurkenning á stórfelldri vanrækslu á verksmiði einstakra iðnmeistara eða hönnuða. Í þessu felist ekki heldur að verkið sé gallað.

Útgáfa reikninga hafi verið í nánu samstarfi við stefnendur og stefnendur haldið utan um útgáfu reikninga í excel-skjali. Sé horft til sundurliðunar greiðslna í

skjalinu sjáist að ekki hafi verið greitt fyrir snjóbræðslu, sögun fyrir bílskúrhurð og gönguhurð úr bílskúr í kyndiklefa. Þá hafi ekki verið greitt fyrir það múrverk sem hafi verið unnið á innra byrði bílskúrs. Eins hafi ekki verið greitt fyrir umbeðið aukaverk stefnanda um niðurbrot og tilfærslu stétta, stiga og veggja við innkeyrslu.

Þá vísa stefndu til þess að um ábyrgð iðnmeistara á verkum sé fjallað í þágildandi byggingarreglugerð nr. 441/1998, sbr. 32. gr. laga nr. 160/2010. Um ábyrgð húsasmíðameistara sé fjallað í 38. gr. reglugerðarinnar, en um ábyrgð múrarmeistara í 39. gr. reglugerðarinnar. Ljóst sé að öll steinsteypa, niðurlögn hennar og eftirmeðhöndlun sé á ábyrgð múrarmeistara. Stefndi Guðmundur Már hafni því bótaábyrgð á grundvelli stöðu sinnar sem húsasmíðameistara hvað varðar meinta galla í niðurlögn steypu í stéttir, stoðveggi og önnur steypuverk, hvort sem það sé vegna hæðar eða frágangs.

Um varakröfu sína um skuldajöfnuð byggja stefndu á því að stefndi Mótamenn ehf. eigi kröfu á stefndur að fjárhæð 1.035.375 kr., sbr. reikning, dags. 30. maí 2012. Sú krafa sé gjaldfallin og hæf til þess að mæta kröfum stefnenda fyrir skuldajöfnuð. Sé hún því höfð uppi til skuldajafnaðar gegn kröfu stefnenda. Skilyrði fyrir skuldajöfnuði séu fyrir hendi samkvæmt 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en þannig séu kröfur aðila hæfar til að mætast, þær séu milli sömu aðila, samkynja, samrættar, lögvarðar og fallnar í gjalddaga. Krafan sé vegna umbeðins aukaverks stefnenda um niðurbrot og tilfærslu stétta, stiga og veggja við innkeyrslu.

Varakröfu og þrautavarakröfu um lækkun dómkröfu stefnenda byggja stefndu m.a. á því að matskostnaður sé tilgreindur sem hluti fjártjóns. Slíkur kostnaður tilheyrir málskostnaði, sbr. e-lið 1. mgr. 129. gr. laga um meðferð einkamála. Þá er mótmælt kröfu stefnenda um að stefndu eigi að bera kostnað vegna vinnu VERKÍS. Því er mótmælt að lögfræðikostnaði stefnenda sé bætt við bótakröfu þar sem um málskostnað sé að ræða, sem skuli ákveðinn af dóminum komi til þess. Stefndu gera einnig kröfu um að virðisaukaskattur sem tilgreindur er hluti af bótakröfu verði dreginn frá að því marki sem rakið er í greinargerð stefnda Varðar trygginga hf. Stefndu vísa jafnframt til málatilbúnaðar stefnda Varðar trygginga hf. að því leyti sem hún styður málatilbúnað stefndu.

Um lagarök vísa stefndu til laga um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 441/1998. Einnig er vísað til almennu sakarreglunnar og reglna skaðabótaréttar. Þá er vísað til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Vegna kröfu um málskostnað er sérstaklega vísað til 1. mgr. 131. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafast er álags á málskostnað er nemur virðisaukaskatti hvað varðar stefnda Guðmund Má. Hvað varðar virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V.

Stefndi Vörður tryggingar hf. byggir á því að stefndi, sem ábyrgðartryggjandi meðstefnda Guðmundar Más, geti eingöngu borið ábyrgð á því tjóni sem falli undir skilmála þeirrar tryggingar sem hafi verið í gildi á tjónsdegi. Af orðalagi skilmálanna, og 29. gr. laga nr. 160/2010, dómaframkvæmd og eðli máls leiði að stefndi beri ekki ábyrgð á meiri hluta þeirra verkþátta sem taldir eru upp í matsgerð.

Nánar tiltekið byggir stefndi á því að ábyrgð hans samkvæmt byggingarstjóra tryggingu nái ekki yfir verkþætti sem ekki hafi verið unnir eða ólokið þegar matið fór fram. Ábyrgðartrygging byggingarstjóra sé ekki verk- og/eða efndatrygging. Það sé stefnenda að sækja til saka aðra eftir atvikum vegna slíkra vanefnda samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Skilmálar stefnda takmarkist við skyldur byggingarstjóra skv. 29. gr. laga nr. 160/2010. Af því leiði, sbr. 7. mgr. 29. gr., að bótaábyrgðin afmarkist við almennar skaðabótareglur utan samninga. Samkvæmt því verði stefndi ekki krafinn um greiðslu vegna ólokinna verkþátta enda ekki á ábyrgð byggingarstjóra. Það að verki hafi ekki verið lokið sé ekki á ábyrgð byggingarstjóra, enda ráði hann ekki yfir verkum og hafi hvorki mannaforráð né fjárráð þannig að það sé í hans valdi að setja menn til verka. Slíkt sé ekki hlutverk byggingarstjóra og því hafi verið slegið föstu í dómaframkvæmd, enda verkstjórn ekki meðal hugtakaskilyrða 29. gr. laga nr. 160/2010.

Umtalsverður hluti bótakröfu stefnenda sé tilkominn vegna ólokinna verkþátta, eða að lágmarki eftirfarandi:

Bílskúr inni	kr. 198.000
Bílskúr utanhúss	kr. 511.000
Stétt að inngangi á norðurhlið ásamt vesturhlið	kr. 659.000
Steypt stétt og girðing vestan við húsið	kr. 715.000
Verönd á suðurh. og tröppur m. svala og garðs	kr. 161.000
Veggur meðfram suðurlóðarmörkum	kr. 489.000
Innkeyrsla	kr. 751.000
<u>Annað</u>	<u>kr. 428.000</u>
Samtals	kr. 3.912.000

Stefndi telur að undir engum kringumstæðum geti ábyrgð stefnda skv. byggingarstjóra tryggingu tekið til verkþátta sem ekki sé lokið. Fyrirliggjandi trygging taki eingöngu til þess sem byggingarstjóri beri ábyrgð á samkvæmt lögum nr. 160/2010. Hafi verktaki ákveðið, hvort sem það sé vegna vanefnda verkkaupa eða af öðrum ástæðum, að ljúka ekki hluta af verkþætti eða verkþættinum í heild, verði bætur vegna þeirra vanefnda ekki sóttar úr byggingarstjóra tryggingu hjá stefnda. Auk þess geti verk sem ekki hefur verið unnið ekki verið gallað.

Þá byggir stefndi á því að ekki verði krafist bóta fyrir verkþætti sem séu ógreiddir af stefnendum. Jafnvel þótt fallist yrði á að allir þættir matsgerðar væru réttmætir og bótaskyldir samkvæmt tryggingunni hjá stefnda sé ljóst að undir engum

kringumstæðum verði stefnda gert að greiða stefnendum virðisaukaskatt á þá kröfuliði sem eru vegna vinnu við úrbætur. Stefnendur, sem einstaklingar, geti fengið þann þátt fjárkröfu sinnar endurgreiddan í gegnum átak ríkisskattstjóra sem nefnist „allir vinna“. Engin tilraun sé gerð til að reifa meint tjón stefnenda með hliðsjón af þessu. Í öllu falli verði að lækka dómkröfu stefnenda sem þessu nemi og því megi velta upp hvort krafa sé vanreifuð hvað þetta varði og málið varði frávísun ex officio. Sá hluti kostnaðarmats sem teljist vinna nemi 3.727.000 kr. Virðisaukaskattur (25,5%) af þeirri fjárhæð sé 950.385 kr. Þegar tekið hafi verið tillit til þessa, sem og þátta sem sé ólokið, standi því eftir 1.945.615 kr. af áætluðum kostnaði samkvæmt matsniðurstöðu. Stefndi hafi þegar greitt stefnendum 2.456.992 kr.

Stefndi segir að stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir því að tjón þeirra verði rakið til þess atviks sem þeir reisi kröfu sína um skaðabætur á. Stefnendur hafi forræði á sönnunarfærslu sinni. Beiðni um dómkvaðningu matsmanns sé á ábyrgð stefnenda og hann beri áhættuna af því ef matsgerð telst hafa takmarkað sönnunargildi. Þannig sé það á ábyrgð stefnenda hvernig þær hafa kosið að leggja matsefni fyrir matsmann. Gildi fyrirbyggjandi matsgerðar afmarkist þannig að því hvernig matsefni séu borin undir matsmann. Stefndi telur að ábyrgð byggingarstjóratryggingar sé bundin við vinnu byggingarstjóra við leyfisskyld mannvirki, sbr. 9., 29. og einnig 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010, sem og grein 2.2 í skilmálum tryggingarinnar. Af því leiði að ábyrgð stefnda nái ekki til verka sem stefndi Guðmundur Már hafi unnið fyrir stefnendur og eru ekki leyfisskyld og ekki var skylt að skrá byggingarstjóra á. Enga sundurgreiningu sé að finna á þessu í matsbeiðni eða matsgerð. Á hluta þess verks sem krafist er bóta fyrir sé ekki skylt að hafa byggingarstjóra. Meintum ágöllum/vanefndum stefndu á slíkum þáttum geti stefndi ekki borið ábyrgð á. Án sundurgreiningar á verkþáttum og kostnaðarliðum sem eru leyfisskyldir sé meint tjón stefnenda ósannað og í raun vanreifað.

Af byggingarsögu eignarinnar megi ráða að einu breytingarnar sem samþykktar voru á árinu 2010 tengist bílskúrnum og að stefndi Guðmundur Már hafi verið skráður sem byggingarstjóri vegna framkvæmda við hann. Stór hluti framkvæmdanna hafi hins vegar ekki verið leyfisskyldur og meint mistök eða gallar við þann hluta séu stefnda því óviðkomandi.

Sem dæmi nefnir stefndi að „lóðarveggur“ eða „steiptur veggur“ teljist ekki leyfisskyld framkvæmd. Stefndi vísar í þessu sambandi m.a. til 67. gr. þágildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sbr. einnig f-lið greinar 2.3.5 í núgildandi byggingarreglugerð. Þá hafi ekki verið gerð krafa um að burðarþolsteikningum væri skilað vegna þessa liðar. Stefndi telur að svo virðist sem samanlagður kostnaður vegna þess sem ólokið eða ábótavant sé að lágmarki 1.521.000 kr. Stefndi telur að þessi kostnaður falli utan byggingarstjóratryggingarinnar.

Sama gildi um vinnu við grasþökur og „U-stál“, samtals 104.000 kr., sem og aðra þætti, t.d. þá sem tengist frágangi lóðar og stéttar við húsið. Stefndi heldur því fram að það sé stefnenda að afmarka og sanna gagnvart stefnda hvaða hluti verksins krefjist byggingarstjóra. Slík sönnun hafi ekki verið reynd eða reifað á hverju hún sé byggð. Þar til slíkt liggi fyrir sé bótakrafa stefnenda bæði ósönnuð og vanreifuð.

Jafnframt byggir stefndi á því að framkvæmdir sem ekki voru í samræmi við teikningar en breytt í samræmi við óskir stefnenda geti ekki talist á ábyrgð

byggingarstjóra. Af skjölum málsins megi ráða að hækkun stéttar norðanmegin við húsið, sem og lækkun handriðs, hafi verið framkvæmt með vitund og vilja stefnenda. Því geti þessir þættir ekki komið til skoðunar við mat á ábyrgð stefnda. Sama gildi um einangrun vesturhliðar bílskúrs, sem hafi verið unnin utan á með vitund og vilja stefnenda til að auka rými innan bílskúrsins.

Einnig byggir stefndi á því að verk sem hafi verið framkvæmd af stefnda Mótamönnum ehf. áður en stefndi Guðmundur Már var skráður á verkið, hinn 2. ágúst 2011, falli ekki undir byggingarstjóratryggingu stefnda. Ljóst sé af gögnum málsins að fyrir þann tíma hafi stefndi Guðmundur Már þegar unnið hluta verksins. M.a. virðist öll steypuvinna við verönd sunnan eignarinnar þá þegar hafa verið unnin. Ekkert liggir fyrir um að stefndi Guðmundur Már hafi sérstaklega verið ráðinn sem byggingarstjóri til verksins fyrir þann tíma. Verði að auki ekki við aðra tímasetningu miðað í þessum efnunum en dagsetningu opinberrar skráningar.

Stefndi telur að í raun hafi stefnendur ekki fært sönnun á fjárkröfu sína gagnvart stefnda, jafnvel þótt talið yrði að allir kröfuliðir væru réttmætir. Slík sönnun liggir ekki fyrir en afmarkað hafi verið hvaða hluti verksins hafi verið unninn fyrir 2. ágúst 2011 og andvirði þess tjóns sem þar væri talið yrði dregið frá bótakröfunni á hendur stefnda. Fjárfrafa stefnenda sé því vanreifuð gagnvart stefnda og í andstöðu við e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá heldur stefndi því fram að stefnendur hafi ranglega krafist matskostnaðar sem hluta fjártjóns. Slíkur kostnaður tilheyri málskostnaði, sbr. e-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og geti fyrst orðið gjaldkræfur að dómi uppkveðnum og beri ekki dráttarvexti fyrr en 15 dögum eftir dómsuppkvaðningu, sbr. 4. mgr. 129. gr. sömu laga.

Því er sérstaklega mótmælt að stefndi beri kostnað af matsgerðum sem unnar hafi verið án vitneskju eða aðkomu stefnda, eins og skýrsla VERKÍS. Einnig er því mótmælt að lögfræðikostnaður sé hluti af höfuðstól bótakröfu, samtals 997.577 kr., og kröfu um dráttarvexti. Hér sé um að ræða hluta af málskostnaði sem ákveðinn sé af dóminum komi til þess.

Að lokum er þess krafist að dráttarvextir verði fyrst dæmdir frá dómsuppsögu, enda hafi enn ekki verið gerð viðhlítandi grein fyrir sundurliðun meints tjóns stefnenda.

Krafa stefnda um málskostnað er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafist er álags á málskostnað sem nemur virðisaukaskatti.

VI.

Í máli þessu er deilt um meinta galla á verki sem unnið var samkvæmt samningi stefnenda við stefnda Mótamenn ehf., dags. 19. maí 2011, um byggingu bílskúrs, stoðveggi, innkeyrslu, verönd, stéttir og jarðvinnu. Með samningnum fylgdi skjal, sem er hluti af samningnum, þar sem kostnaður er sundurliðaður og byggt er á magntölum og einingaverðum.

Stefnendur halda því fram að samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns, Björns Gústafssonar byggingarverkfræðings, dags. 12. febrúar 2013, sé staðfest að verkið hafi ekki verið unnið í samræmi við samþykktar teikningar og að ágallar séu á

verkinu. Stefnendur byggja á því að stefndu Mótamenn ehf. og stefndi Guðmundur Már sem húasmiðameistari beri ábyrgð á ágöllum. Þá beri stefndi Guðmundur Már meðábyrgð á göllum sem byggingarstjóri. Verði tryggingum hf. er stefnt á grundvelli starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra sem stefndi Guðmundur Már var með.

Inni í bílskúrnum koma endar á gólfhitalögnum upp utan við vegg kyndiklefa í stað þess að ganga inn í gegnum hann og inn í kyndiklefan. Ekki hefur verið sýnt fram á að teikningum hafi ekki verið fylgt hvað þetta varðar og er þessum kröfulið því hafnað. Fallist er á kröfulið að fjárhæð 19.000 kr. vegna vöntunar á rakavarnarlagi undir gipsklæðningu á suðurgafli bílskúrs. Hins vegar er hafnað kröfu vegna pússningar á lofti bílskúrsins, enda bar að skila bílskúrnum tilbúnum til pússningar, en ekki með pússningu. Stoðveggjum í kringum húsið átti einnig aðeins að skila tilbúnum til pússningar. Jafnframt ber að hafna kröfulið vegna loftræstingar í bílskúr, þar sem hún kemur ekki fram á teikningu og ekki var gert ráð fyrir henni í fylgiskjalinu með samningnum, þar sem kostnaður var greindur og sundurliðaður. Jafnframt verður að hafna kröfu hvað varðar það að hluti af vesturhlið hafi ekki verið einangraður. Matsmaður virðist byggja þetta á skoðun undir tröppum á þeim hluta sem nær upp fyrir bílskúrinn og myndar handrið og telur „ólíklegt“ að hliðin sé einangruð. Stefndi Guðmundur Már fullyrðir hins vegar að útveggur bílskúrsins hafi verið einangraður. Að þessu virtu og þar sem ekki hefur verið sannreynt að vesturhliðin sé óeinangruð ber að hafna þessum kröfulið.

Hvað varðar meinta galla utan á bílskúrnum verður að hafna öllum kröfuliðum sem snúa að múrun og pússningu, með vísan til þess að aðeins átti að skila bílskúrnum tilbúnum til pússningar. Í fylgiskjalinu með samningnum var gert ráð fyrir að múrun og pússun væri unnin aukalega og kostaði 3.500 kr. fermetrinn með virðisaukaskatti. Þá verður að hafna kröfu vegna gats undir tröppum sem liggja upp á bílskúrspak þar sem það verður ekki séð af teikningum að það eigi að vera lokað. Einnig verður að hafna kröfulið vegna einangrunar utan á bílskúr. Matsmaður telur eðlilegt að einangrun nái upp alla vegghæðina en teikningar sýna aðeins einangrun innan á útveggjum bílskúrs og þannig ekki gert ráð fyrir því á teikningum og í tilboði stefnda Mótamanna ehf. að veggur fyrir ofan bílskúr væri einangraður. Auk þess skiptir það engu máli varðandi kuldabré. Í kostnaðarmati matsmanns er liðurinn ein ný trappa upp á bílskúr en það er hluti af stétt að norðanverðu, sbr. umfjöllun hér á eftir. Fallist er á að handrið ofan á bílskúrnum hafi verið of lágt og ekki í samræmi við teikningar. Stefndi Guðmundur Már gat ekki gefið skýringu á því fyrir dómi af hverju handriðið var steipt of lágt. Þar sem í fylgiskjali með samningnum var byggt á magntölum og uppgjör fór fram í samræmi við það er ekki unnt að byggja á kostnaðaráætlun matsmanns. Stefnendur hafa ekki lagt fram gögn um það hver kostnaðurinn var við að láta hækka handriðið. Verður þessi kostnaðarliður metinn að álitum 40.000 kr.

Í matsgerð segir um stétt að inngangi á norðurhlið að nýr lóðarveggur norðan við húsið sé ófrágenginn. Um er að ræða hluta af múrverki sem var, eins og áður segir, ekki innifalið í samningnum og það að rétta hafi þurft af kanta í múrverki og 45° skáa efst á vegg breytir engu þar um. Matsmaður telur eðlilegt að loka tröppunum við inngang að norðan en það sést ekki á teikningu að svo eigi að vera og er gert ráð fyrir léttum tröppum á teikningum. Er þessum kröfulið því hafnað. Einnig er hafnað kröfulið vegna tveggja niðurfalla í stéttina þar sem þau koma ekki fram á teikningum og ekki hefur verið greitt fyrir þau. Jafnframt ber að hafna kröfu vegna

gaslagna frá eldhúsi og niðurfalla frá þaki þar sem þessi verk voru ekki innifalin í samningi aðila og kostnaðaráætlun. Hvað varðar sögun sprunguraufa í stétt þá er um að ræða ólokið verk sem ekki hefur verið greitt fyrir og ber því að hafna þeirri kröfu. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð var stéttin að norðan steyppt um 14 cm hærrí en teikningar gerðu ráð fyrir, og á henni er hliðarhalli. Gegn mótmælum stefnenda er ósannað að stéttin hafi verið hækkuð með vitund og vilja þeirra. Hægt hefði verið að leysa hugsanleg vandamál vegna vatns frá lóðinni að ofan með öðrum hætti en að hækka stéttina. Með vísan til framangreinds er fallist á kostnaðarliðina brot á stétt og brottflutningur steypubrota, 216.000 kr., skafa ofan af fyllingu og þjappa undir stétt, 103.000 kr., og steypa nýja stétt í samræmi við teikningar, 542.000 kr. Trappa, þ.e. þrep, sem matsmaður telur vanta framan við bakinnangang að norðanverðu, er hluti af stétt, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Þá er í matsgerð fjallað um steyppta stétt og girðingu vestan við húsið. Kröfuliðum varðandi frágang lóðarveggs að ofan og frágang á yfirborði steyppts veggjar er hafnað, með vísan til þess sem áður segir um að múrun og þússning var ekki hluti af samningnum. Fallist er á kröfuliðinn malbikun á stétt við girðingu, að fjárhæð 52.000 kr., þar sem stefnda Mótamönnum ehf. bar að ljúka frágangi út í götu samkvæmt fyrirbyggjandi samningi. Sögun á sprungurauf er ólokið verk sem ekki hefur verið greitt fyrir og er þeirri kröfu hafnað. Fallist er á kröfuliðinn fleygun ofan af klöpp, 55.000 kr., þar sem fleygun var innifalin í samningnum. Eins og fram kemur í matsgerð, og sást við vettvangsgöngu, er mikill hliðarhalli á stéttinni vestan við húsið, sem er sá sami og langhalli stéttarinnar norðan við húsið þar sem þær mætast við norðvesturhorn hússins. Í matsgerð kemur fram að samkvæmt mælingu matsmanns sé þverhalli á stéttinni vestan við húsið um 60%, eða 60 mm á hvern metra. Þetta teljist mjög mikill halli á stétt upp við hús og meiri en forsvaranlegt er. Samkvæmt matsgerð er langhalli neðan trappanna vestan við húsið rúmlega 50%. Með vísan til framangreinds er fallist á kröfuliðina brot á stétt og brottflutningur steypubrota, 183.000 kr., lagfæra fyllingu og þjappa undir stétt, 87.000 kr., og steypa nýja stétt í samræmi við teikningar, 459.000 kr. Af þessu leiðir að fallast ber á kostnaðarlið við þrjú þrep vestan við húsið, 73.000 kr., eitt þrep upp á bílskúr, 24.000 kr. og eitt þrep framan við bakinnangang norðanmegin, 24.000 kr.

Af þessu leiðir jafnframt að fallast ber á kröfuliði hvað varðar verönd á suðurhlið húss og tröppur milli svala og garðs. Nánar tiltekið brot á stétt og tröppum/brott flutning steypubrota, 148.000 kr., lagfæra fyllingu og þjappa undir stétt, 71.000 kr., steypa nýja stétt, 327.000 kr., og steypa nýjar tröppur, 138.000 kr. Þökur eru lagðar þétt að steypnum veggjum og tröppu í stað þess að setja hellur eða U-stál og er fallist á kröfulið vegna þessa, að fjárhæð 104.000 kr., þar sem þetta var innifalið í samningi. Sögun sprunguraufa á verönd á suðurhlið hússins er ólokið verk sem ekki hefur verið greitt fyrir. Þeim kröfulið er því hafnað.

Kröfuliðir sem varða frágang á vegg meðfram suðurlóðarmörkum og köntum á stétt framan við inngang snúa að múrun og er þeim hafnað. Með vísan til þess sem áður segir um malbikun er fallist á þann kröfulið stefnenda, 69.000 kr.

Atriði sem snúa að innkeyrslu varða múrun og er því hafnað. Það sama á við um sögun á sprunguraufum í stétt, enda ólokið verk sem hefur ekki verið greitt fyrir.

Í matsgerð er fjallað um pollamyndun á stétt framan við aðalinngang. Um er að ræða hluta af múrverki sem ekki er innifalið í samningi eins og áður segir og er því

ekki fallist á þennan kröfulið stefnenda. Í matsgerð segir að það eigi eftir að ljúka við að leggja raflagnir og dósir fyrir lýsingu sem eigi að vera inni í stétt. Lagning raflagna er ekki hluti af samningnum og dósir ekki tilgreindar í fylgiskjalinu með samningnum. Um er að ræða ólokið verk sem ekki hefur verið greitt fyrir. Það sama á við um frágang á viftum. Ruslatunnueiningin var hluti af samningnum og er því fallist á kröfu vegna þess, 292.000 kr. Hluti af bótakröfu stefnenda er vegna matsgerðar dómkvaddis matsmanns, en sá kostnaður telst málskostnaður samkvæmt 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það sama á við um áfallinn lögfræðikostnað. Þá ber að hafna kröfu stefnenda vegna kostnaðar við álit VERKÍS sem stefnendur öfluðu einhliða.

Samkvæmt öllu framansögðu er fallist á kröfuliði stefnenda samtals að fjárhæð 3.026.000 kr. En að teknu tilliti til þess að stefnendur geta fengið virðisaukaskatt vegna vinnu endurgreiddan að upphæð 209.892 kr. þá verður fjárhæð kröfuliða sem fallist er á 2.816.108 kr. Stefnendur hafa þegar fengið greiddar 1.912.000 kr. í samkomulagsbætur frá stefnda Verði tryggingum hf. Mismunurinn er 904.108 kr. Óumdeilt er að stefndi Mótamenn ehf. vann aukaverk sem ekki hefur verið greitt fyrir. Fyrir liggur reikningur stefnda Mótamanna vegna aukaverka, dags. 30. maí 2012, að fjárhæð 1.035.375 kr. Stefnendur mótmæla þeirri fjárhæð en ekki hefur verið sýnt fram á að hann sé ósanngjarn. Ber því að fallast á varakröfu stefndu Guðmundar Mús og Mótamanna ehf. að fjárhæð 910.680 kr., en þá hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnuliðar. Sú fjárhæð er hærri en framangreindur mismunur, að fjárhæð 904.108 kr., og verða stefndu því sýknaðir af frekari kröfum stefnenda.

Eftir þessum úrslitum og atvikum máls verða stefnendur dæmdir til að greiða stefndu Guðmundi Má og Mótamönnum ehf. hvorum um sig 200.000 kr. og stefnda Verði tryggingum hf. 400.000 kr.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Ásmundi Ingvarssyni byggingarverkfræðingi og Jóni Ágústi Péturssyni, byggingartæknifræðingi og húsasmíðameistara. Dómsuppkvaðning hefur dregist en gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Már Ástþórsson, Mótamenn ehf. og Vörður tryggingar hf., eru sýkn af kröfum stefnenda, Arndísar Bjargar Sigurgeirsdóttur og Báru Kristínar Kristinsdóttur.

Stefnendur greiði stefndu Guðmundi Má og Mótamönnum ehf. hvorum um sig 200.000 krónur og stefnda Verði tryggingum hf. 400.000 kr.

Sandra Baldvinsdóttir

Ásmundur Ingvarsson

Jón Ágúst Pétursson